

*Alþingi
Erindi nr. P 141/432
komudagur 8.11.2012*

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

b.t. Umhverfis- og samgöngunefnd,

08.11.2012.

Við höfum mótttekið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis dagsettan 26. október 2012 með tillögu til þingsályktunar um gagngera endurskoðun á skipulagi og forsendum hvalveiða.

Flutningsmenn: Árni Þór Sigurðsson, Mörður Árnason og Birgitta Jónsdóttir, þingskjal nr. 83. 83. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013.

Þann 15. maí 2012 afgreiddi ríkisstjórn Íslands minnisblað sem var lagt fram af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra um stefnumótun um vernd og veiðar á hvöllum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði nefnd í samráði við umhverfisráðherra sem hefur það hlutverk að yfirfara núgildandi löggjöf á sviði sjávarspendýra og að setja fram tillögur að stefnumörkun. Nefndin skal sömuleiðis fjalla sérstaklega um griðasvæði hvala og dýraverndunarsjónarmið. Þá skal nefndin fara yfir efnahagslega þýðingu veiðanna og stöðu ímyndarmála tengdum hvalveiðum og möguleg áhrif þeirra á aðrar atvinnugreinar.


Með bréfi 13. júlí 2012 óskaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna í nefndina, sem svaraði beiðni ráðherrans með bréfi 9. ágúst 2012 þar sem Kristján Loftsson var tilnefndur aðalmaður og til vara Friðrik Friðriksson.

Það kemur okkur verulega spánskt fyrir sjónir að verið sé að eyða dýrmætum tíma Alþingis í þingsályktunartillögu af þessu tagi og með þeim endemis rökstuðningi, sem þar er að finna, þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra eru þegar að framfylgja

ákvörðun ríkisstjórnarinnar um nákvæmlega sama efni.

Eðlilegast væri að okkar álitni að flutningsmenn sæju sóma sinn í að draga til baka þessa þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 83., 83. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013.

Virðingarfyllst,
f.h. Hvalur h.f.,



Kristján Loftsson
framkvæmdastjóri.